

Laugardaginn 22. júní 1968.

Nr. 196/1966. **Elín Bjarnadóttir,**
Kristín Bjarnadóttir,
Þórhildur Bjarnadóttir
 og
Þorbjörn G. Bjarnason
 (Jón Bjarnason hrl.)
 gegn
Herði Kristinssyni
 (Sigurður Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Landamerksamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, eigendur jarðarinnar Heiðar í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. ágúst 1966. Þeir gera þær dómkröfur, „aðallega að dæmt verði, að Gráhöll sá, sem getur í landamerkjabréfi frá 24. maí 1890, sé höll sá, sem stóð á bakka Skaftár vestanvert fast við Stapafoss, og þúfa á Flanghálsi sé austasta þúfan, sem er á Flanghálsi“, en til vara, „að nefndur Gráhöll, sé höll sá, sem nú er austast á Svíra vestan við stapabeltið, og þúfa á Flanghálsi sú sama og að framan greinir“. Þá krefjast þeir þess, að stefnda „verði gert að fjarlægja, að viðlögðum 100 króna dagsektum“ til áfrýjanda, „girðingu þá, sem hann reisti í landi Heiðar sumarið 1961“. Loks krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi stefnda.

Stefndi, eigandi jarðarinnar Hunkubakka í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, sem fengið hefur gjafvörn fyrir Hæstarétti, krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt af áfrýjendum, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Að tilhlutan Hæstaréttar hefur Ragnar Arnason verkfræðingur gert uppdrátt af þrætulandinu, sem lagður hefur verið

fram í Hæstarétti og merktur L. K. Á uppdrátt þenna er dregin markalína samkvæmt héraðsdómi og svo markalína, er áfrýjendur krefjast, að dæmd verði.

Samkvæmt gögnum málsins, sem rakin eru í héraðsdómi, verður að telja, að svonefndur Stórhóll og hærri varðan á Flanghálsi hafi verið viðmiðunarstaðir þeir, sem lagðir voru til grundvallar við merkjagönguna 17. júní 1916 og eigi hafa verið vefengdir fyrr en í máli þessu. Þá verður að telja, að garður sá, sem Þorbjörn G. Bjarnason eftir merkjagönguna hlóð milli Heiðar og Hunkubakka, og girðing sú, er hann reisti, eigi að ráða mörkum, svo langt sem þau ná, þar eð eigendur Hunkubakka hafa um langan aldur sætt sig við þessi markamannvirki. Samkvæmt þessu verða mörk milli jarðanna ákveðin þannig: Frá markapunktinum A á hærri vörðu á Flanghálsi á uppdrætti Ragnars Árnasonar í markapunktinn B eftir sjónhendingarlínu í markapunktinn D á Stórahól, frá markapunktinum B í markapunktinn C á miðjum norðurenda markagarðs og frá markapunktinum C sjónhending í markapunktinn D á Stórahól.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti þykir eiga að falla niður.

Málsvarnarlaun lögmanns stefnda hér fyrir dómi, kr. 30.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Landamerki milli jarðanna Heiðar og Hunkubakka skulu vera frá markapunktinum A á hærri vörðu á Flanghálsi samkvæmt uppdrætti Ragnars Árnasonar í markapunktinn B, miðuð við sjónhendingarlínu í markapunktinn D á Stórahól, frá markapunktinum B í markapunktinn C á miðjum norðurenda markagarðs og frá markapunktinum C sjónhending í markapunktinn D á Stórahól.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eru staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málsvarnarlaun lögmanns stefnda fyrir Hæstarétti, Sigurðar Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Landamerkjadómur Skaftafellssýslu 28. maí 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 7. þ. m., hefur Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður höfðað f. h. eigenda jarðarinnar Heiðar í Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, hér fyrir dóminum hinn 9. september 1961 gegn Herði Kristinssyni, eiganda jarðarinnar Hunkubakka í sama hreppi.

Dómkröfur eigenda Heiðar eru þær aðallega, að dæmt verði, að Gráhóll sá, sem getur í landamerkjabréfi frá 24. maí 1890, sé Gráhóll sá, sem stóð á bakka Skaftár, vestanvert fast við Stapafoss, og þúfa á Flanghálsi sé austasta þúfan, sem er á Flanghálsi.

Til vara, að Gráhóll sé hóll sá, sem nú er austast á Svíra, vestan við Stapabeltið, og þúfa á Flanghálsi sú sama og að framan greinir.

Loks er krafizt, að eiganda Hunkubakka verði gert að fjarlægja að viðlögðum hæfilegum dagsektum, kr. 100.00 eða annarri fjárhæð að mati dómsins, er renni til eigenda Heiðar, girðingu þá, sem sett var á land Heiðar sumarið 1961.

Enn fremur krefjast sækjendur þess, að eiganda Hunkubakka verði gert að greiða allan málskostnað að mati réttarins.

Varnaraðili, eigandi Hunkubakka, gerir þær dómkröfur, að staðfest sé og dæmt, að Gráhóll sá á Svíra við Skaftá, sem um getur í landamerkjabréfi frá 24. maí 1890 og talinn var syðri endapunktur landamerkjalínunnar milli Heiðar og Hunkubakka af skipuðum úttektarmönnum hinn 17. júní 1916, sé hóll sá á Svíranum, sem stendur fast við Skaftá og er með þúfu eða vörðubroti í kollinum, en við hlið hóls þessa fjær Skaftá er annar álíka mikill hóll, og lágu á milli þeirra götur, gamall ferðamannavegur.

Þá krefst varnaraðili þess, að þúfa á Flanghálsi, sem um getur í fyrrnefndu landamerkjabréfi og skipaðir úttektarmenn árið 1916 töldu nyrðri endapunkt landamerkjalínunnar milli téðra jarða, sé varða sú, sem nú stendur á gömlu þúfubroti austanvert

á Flanghálsi. Krefst eigandi Hunkubakka þess, að merki milli jarðanna Heiðar og Hunkubakka verði talin bein lína milli ofanlýstra endapunkta og honum heimilt að girða eftir línu þessari, sem hann hefur þegar gert að nokkru leyti.

Að endingu hefur varnaraðili krafizt málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati dómsins, eins og mál þetta væri eigi gjafvarnarmál, en varnaraðili fékk gjafvarnarleyfi í máli þessu með bréfi, útgefnu í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 22. maí 1964.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málaferli þessi hafa verið tilkynnt þeim jarðeigendum, er kynnu að hafa hagsmuna að gæta í sambandi við úrslit máls þessa, en þeir lýst því yfir, að þeir kæri sig ekki að hafa afskipti af málinu.

Helztu atvik máls þessa eru þau, sem nú skal greina:

Jarðirnar Heiði og Hunkubakkar liggja hlið við hlið á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu. Austurmörk jarðanna Heiðar og Heiðarsels, sem er fyrir norðan Heiði, liggja að vesturmörkum jarðarinnar Hunkubakka.

Í landamerkjabréfi, dagsettu 24. maí 1890, sem lesið var á manntalsþingi að Kleifum 19. júní sama ár, segir, að austurmörk jarðanna Heiðar og Heiðarsels séu bein lína úr Gráhól á Svíra við Skaftá í þúfu á Flanghálsi.

Um þetta út af fyrir sig er enginn ágreiningur í málinu. Hins vegar er deilt um þetta: Hvar er „Gráhöll“, sem er suðurpunktur landamerkjalinunnar, og hvar er „þúfa“, sem er norðurpunktur hennar.

Þessar þrjár jarðir, Heiði, Heiðarsel og Hunkubakkar, voru áður þjóðjarðir. Í málinu hefur verið lagt fram endurrit úr úttektarbók Kirkjubæjarklaustursjarða, dags. 3. júní 1847. Þar segir svo um landamerki Heiðar og Heiðarsels að austan: „Úr svokölluðum Gráhól til norðurs í Heiðarborg, þaðan sömu stefnu í vörðu austast á Flanghálsi“. Þessi landamerkjalinna var ekki bein, þar sem „Heiðarborg“ er nokkuð vestan við þá beinu línu, sem varnaraðili hefur krafizt, að verði viðurkennd sem landamerki á milli jarðanna, enda er „Heiðarborg“ samkvæmt kröfugerð í málinu öll í landi Heiðar, sbr. ljósmyndina af þrætulandinu á dskj. nr. 34.

Hinn 10. maí 1889 breytir Ólafur Pálsson, umboðsmaður þjóðjarða, landamerkjalinu Hunkubakka að vestan á þann veg, að

hér eftir skyldi hún vera bein lína úr Gráhól í þúfu eða vörðu á Flanghálsi í stað þess að láta línuna brotna til vesturs um Heiðarborg, svo sem hún var tekin við úttektargerðina hinn 3. júní 1847 og rakið er hér að framan. Jafnframt getur Ólafur Pálsson umboðsmaður þess, að samkvæmt amtbréfi, dags. 10. apríl 1889, haldi ábúandinn, sem nú er á jörðinni (þ. e. Hunkubökkum), sína ábúðartíð slægjum þeim, sem hann hafi lengi brúkað fyrir vestan þessa beinu línu, en þegar ábúendaskipti verði á nefndri jörð, falli það allt undir Heiðina, sem sé fyrir vestan nefnda beina línu.

Er þetta gerðist, var ábúandi á Hunkubökkum Jón Pálsson. Af bréfum, sem hann hefur ritað til amtmannsins yfir Suðuramtinu, dags. 10. júní og 26. júlí 1893, sést, að hann hefur verið mjög óánægður með hina beinu landamerkjalinu umboðsmannsins, Ólafs Pálssonar, og hefur hann fengið úttektarmennina í Kleifarhreppi, þá Bjarna Bjarnason, bónda á Hörgsdal, og Helga Bergsson, bónda á Fossi, til að álíta, hve mikilla slæгна og landsnytja yfirhöfuð Hunkubakkar hafi misst við breytingu landamerkjalinunnar. Lætur hann úttektargerð þeirra fylgja síðara bréfi sínu til amtmannsins. Í henni segir m. a.: „Slægjuhluti þessi er að okkar áliti helmingur af aðalútslægjum jarðarinnar og hið grasbezta, missir ábúandinn hér um bil 70—100 hesta ár hvert af bezta fóðurtagi eftir því sem grasvöxtur er“.

Síða segja úttektarmenn, að verði hið nýja mark látið gilda, þá ætti jörðin Hunkubakkar að metast upp til dýrleika og setjast niður að leigumála.

Ekki leiddu þessar bréfaskriftir ábúandans á Hunkubökkum til þess, að gamla landamerkjalinan frá 3. júní 1847 yrði tekin upp aftur, enda er nú ágreiningslaust, að lína þessi skuli vera bein á milli endapunktanna, svo sem áður er rakið.

Það næsta, sem gerist varðandi landamerki milli jarðanna Heiðar og Hunkubakka, er, að hinn 5. júní 1916 skipar sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu samkvæmt beiðni Bjarna Einarssonar, þáverandi bónda á Heiði, þá Björn Runólfsson, hreppstjóra í Kirkjubæjarhreppi, og Runólf Bjarnason, bónda á Hólmi, til þess að ganga á markalínu milli jarðanna Heiðar og Hunkubakka og ákveða og afmarka fyrirhugaðri girðingu stað, sem Bjarni bóndi Einarsson, eigandi jarðarinnar Heiðar, ætlaði sér að koma á. Í málinu hefur verið lagt fram staðfest eftirrit að úttektargerð hinna skipuðu manna. Gerð þessi fór fram hinn 17. júní 1916 og hljóðar svo að loknum upphafsorðum:

„Með skjali, dags. 10. þ. m., hafa eiganda jarðarinnar Hunkubakka, Þórdísi Guðmundsdóttur á Fossi, og ábúanda sömu jarðar, Elíasi Bjarnasyni (verið) gefinn kostur á að vera við gjörðina, og var ákveðið, að starfið færi fram miðvikudaginn þann 21. þ. m. En þar sem Lárus Helgason, bóndi á Kirkjubæjarklaustri, lýsti því yfir, að hann væri umboðsmaður eiganda jarðarinnar Hunkubakka og óskaði eftir að vera viðstaddur gjörð þessa, en getur eigi mætt hinn setta dag sökum Reykjavíkurferðar, þá fer starf þetta fram í dag með samþykki annarra hlutaðeigenda, eiganda jarðarinnar Heiðar og ábúanda jarðarinnar Hunkubakka.

Eigandi jarðarinnar Heiðar var sjálfur viðstaddur, en fyrir hönd eiganda jarðarinnar Hunkubakka fyrrnefndur Lárus Helgason. Einnig var eiganda jarðarinnar Heiðarsels, Þorsteini Ásgrímssyni, gefinn kostur á að vera við og ábúanda hennar, Runólfi Guðmundssyni, sökum norðurpunktalínunnar, er Heiðarselsland liggur að, en þeir mættu ekki og eigi heldur ábúandi jarðarinnar Hunkubakka.

Fór þá starfið þannig fram, að fyrst var athugað landamerkjaskjal fyrir jörðinni Heiði og Heiðarseli frá 24. maí 1890, ásamt fleiri eldri skjölum. Endapunktur markalínu þessarar eru að sunnan Gráhóll á Svíra við Skaftá og þúfa á Flanghálsi, samkvæmt skjalinu. Var þá gengið á merki og fyrst aðgætt nyrðri endapunktur hennar, er taka skyldi.

Á Flanghálsi austast er gömul uppgróin varða, en önnur merki, þúfa eða varða, sést eigi þar, sem mark er á takandi. Lárus Helgason mótmælti því, að þessi þúfa eða varða væri hinn rétti merkjapunktur, og gekk því eigi inn á að taka marklínuna heimuglega með eiganda jarðarinnar Heiðar, er þeir voru að því spurðir (án íhlutunar hinna skipuðu úttektarmanna), og beiddist eigandi Heiðar, Bjarni Einarsson, þess, að úttektarmennirnir tækju línuna.

Hinir skipuðu úttektarmenn líta svo á, að þúfa þessi eða varða austast á Flanghálsi sé hinn rétti nyrðri endapunktur marklínunnar milli téðra jarða, Heiðar og Hunkubakka, samkvæmt fyrrnefndu landamerkjaskjali frá 24. maí 1890, enda benda hin athuguðu eldri skjöl á, að varða eða þúfa sú hafi verið merkjapunktur í eldri tíð, sbr. úttekt fyrir jörðinni Heiði og Heiðarseli frá 1847, svo og landamerkjálýsing jarðarinnar Hunkubakka frá árinu 1889.

Tóku því næst úttektarmennirnir línuna á milli endapunkta, þúfu þessarar, sem er austast á Flanghálsi, og Gráhóls á

Svíra við Skaftá. Var byrjað að merkja línuna að norðan og hlaðnar vörður hér og hvar, t. d. ein á Melrakkahraun, sem er sést (svo í bókinni) af Moldarborg. Þegar komið var suður á Moldarborg, var að sinni hætt við að merkja línuna að norðan, og var gengið suður á svonefndan Heiðarháls til þess að ná beinni línu úr Gráhól í norðurmerkin. Var þá merktur kafli á hálsinum með smávörðum og uppstungum, og þegar byrjun þeirrar línu var náð rétttri (þar norður á hálsinum) var Lárus Helgason eigi lengur viðstaddur starf þetta. Var því næst haldið áfram að merkja það, sem ómerkt var af línunni, með smávörðum, svo þéttum, að auðvelt yrði að leggja hina fyrirhuguðu girðingu“.

Undir gerð þessa hafa ritað: Björn Runólfsson, Runólfur Bjarnason og Bjarni Einarsson.

Bæði Runólfur Bjarnason og Bjarni Einarsson eru látnir.



Björn Runólfsson hefur hins vegar komið fyrir réttinn til vitnisburðar. Hefur hann skýrt svo frá, að hann sé fæddur í Hemru í Skaftártungu 11. júní 1878, en hann hafi flutzt að Holti á Síðu eins árs að aldri og dvalið þar síðan. Hann kvað Elías Bjarnason hafa verið ábúanda á Hunkubökkum, þegar úttektargerðin hinn 17. júní 1916 fór fram, en viðstaddir hana hafi verið auk úttektarmannanna þeir Bjarni Einarsson, bóndi á Heiði, Lárus Helgason og Þorbjörn Bjarnason, sonur Bjarna Einarssonar bónda á Heiði, hafi einnig verið eitthvað viðstaddur úttektargerðina. Hann kveður ágreining hafa orðið um norðurmark línunnar á Flanghálsi, því að Lárus Helgason, bóndi á Kirkjubæjarklaustri, sem þá kom fram sem umboðsmaður eiganda Hunkubakka og gætti jafnframt hagsmuna jarðarinnar Kirkjubæjarklausturs, hafi krafist þess, að merkjapunktur þessi yrði ákvarðaður vestar á hálsinum heldur en eigandi Heiðar hafi talið hann vera. Hafi úttektarmennirnir tekið til greina kröfu eiganda Heiðar og úrskurðað sem norðurmark línunnar þann punkt, sem eigandi Heiðar hafi bent á. Hafi það verið varða eða dyngja úr grjóti, uppgróin, ekki há, en töluverð þúst, austast á háa hálsinum.

Er syðri punktur línunnar var tekinn (Gráhóll á Svíra) kveður Björn Runólfsson Lárus Helgason hafa verið farinn, enda hafi hann verið óánægður með ákvörðun úttektarmannanna á nyrðra punktinum og eigi viljað skrifa undir úttektargerðina.


Björn Runólfsson kvað engan ágreining hafa orðið um syðri punkt línunnar (Gráhól á Svíra). Bjarni Einarsson, bóndi á Heiði, hafi bent þeim úttektarmönnum á Gráhól. Hafi það verið mest áberandi hóllinn við ána að austanverðu. Hafi annar

LK

neðra merki •
efra merki •
Flanghals A
Meirakkahraun




Heiðarsel



Sjá mál nr. 196/1966, bls. 762—782.

LK



Fæin kennileiti
við landamerki jarðanna

Heiðar og Hunkubakka
V.- Skaft.

Mælikvarði um 1:10000

Gert eftir loftljósmynd (dskj. 34) og eigin mælingu
vegna hæstaréttarmáls nr. 196/1966
í júní 1968

Ragnar Jónsson

upphár hóll verið rétt sunnan við hann og gamlar ferðamanna-götur hafi verið á milli þeirra. Björn kvaðst alltaf hafa heyrt hól þennan nefndan Gráhól og hafi hann verið samkvæmt umtali manna markhóll. Minntist Björn þess, að bæði Bjarni Einarsson, bóndi á Heiði, og Elías Bjarnason, bóndi á Hunkubökkum, hefðu sagt honum þetta.

Um aðdraganda að úttektargerðinni frá 17. júní 1916 sagði Björn, að hann hefði verið sá, að ábúendaskipti hefðu orðið á Hunkubökkum og af þeim sökum hefði hinn nýi ábúandi verið búinn að missa rétt til nytja af landi Heiðar samkvæmt landamerkjabréfi.

Minnti Björn, að þar hefði verið um að tefla hagbeit á Heiðarhálsi.

Vegna þess, sem á eftir verður rakið úr vitnisburðum, er rétt að geta þess, að Björn Runólfsson kvaðst ekki vita til þess, að neinn hóll á Svíra hefði eyðzt í Skaftá.

Og varðandi örnefnið „Harðavöll“ kvaðst Björn ekki vita með vissu, hvar hann hefði verið eða væri, en kvaðst helst halda, að þetta hafi verið einhver sléttur blettur norðan við Skaftá.

Björn Runólfsson hefur farið á vettvang með dómendum. Var það hinn 15. apríl 1964. Benti hann þá á Gráhól á Svíra og þúfu á Flanghálsi, og eru það sömu endapunktur og varnaraðili miðar við í dómkröfum sínum. Í málinu hefur verið lögð fram loftmynd af vettvangi og dregnar inn á hana tvær beinar landamerkjalínur, annars vegar eins og sækjendur vilja hafa hana og hins vegar eins og varnaraðili vill hafa hana. Lína sækjenda er nokkru austar en lína varnaraðilja. Lína sækjenda er dregin úr hól á Svíra að sunnan, sem nefndur hefur verið Rofhóll á loftmyndinni, í vörðu á Flanghálsi, sem nefnd er á loftmyndinni neðra merki. Lína varnaraðilja er dregin úr hól á Svíra að sunnan, er nefndur hefur verið Stórihóll á loftmyndinni, í vörðu á Flanghálsi, sem nefnd er efra merki á loftmyndinni.

Þorbjörn G. Bjarnason er einn af fjórum systkinum, sem eiga jörðina Heiði. Hann er sonur Bjarna Einarssonar, fyrrverandi bónda á Heiði, fæddur 14. júlí 1895. Hann var með dómendum, þegar gengið var á vettvang 15. apríl 1964. Hann hefur komið fyrir rétt til skýrslugjafar í máli þessu. Kvað hann „Rofhólinn“ á Svíra (sbr. loftmyndirnar á dskj. nr. 34) alltaf hafa verið talinn markhólinn fyrir suðurmarkalínuna, en ekki þeir tveir hólur, sem varnaraðili telur vera markhóla og eru vestarlega á Svíranum (Stórihóll á loftmyndinni). Hafi þeir aldrei verið kall-

aðir Gráhóll eða Gráhólar, heldur „Austurhólar“. Hafi sú nafngift stafað af því, að þeir hafi verið síðustu hólarnir, er sézt hafi til austurs á Svíranum frá Heiðarbænum. Hins vegar hafi verið stakur hóll á bakka Skaftár á Svíra á móts við „Rofhólinn“, en sá staki hóll hafi farið í Skaftá stuttu eftir aldamótin síðustu.

Þorbjörn kvaðst hafa verið viðstaddur úttektargerðina árið 1916. Kvað hann föður sinn, Bjarna Einarsson, þá hafa bent úttektarmönnunum á sláttumarkið á Heiðarhálsi fyrir austan Harðavöll og síðan hafi hann bent þeim á „Rofhólinn“ á Svíra sem markhól, en hann hafi borið saman við sláttumarkið. Úttektarmennirnir hafi hins vegar ekki viljað fallast á „Rofhól“ sem markhól og fært sig vestur eftir Svíranum, þar til þeir hafi komið að „Stórahól“, sem þeir hafi talið markhól. Kvað Þorbjörn sér það hafa verið óskiljanlegt, þar sem þeir hafi þá verið komnir inn á miðjar slægjur Heiðarbóndans.

Þorbjörn kvað Heiðarhálsinn alltaf hafa verið smalaðan frá Heiði og hafi hann aldrei heyrt þess getið, að Hunkubakkar ættu einn eða neinn rétt til hans, hvorki beitarrétt né annan rétt. Sömuleiðis hafi Heiðin átt allan Harðavöll og hafi hann verið sleginn frá Heiðinni, meðan Þorbjörn var þar og einnig eftir að hann fór þaðan. Einnig gat Þorbjörn þess, að Guðmundur Jónsson, bóndi í Dalbæ, sem hefði haft leigðar slægjur og haggöngu á Svíranum af föður hans, hefði eitt sinn sagt sér, að Dalbærinn ætti svo lítið land af Svíranum fyrir vestan svonefnt Stapa-belti, en það er klettahöfði austan Svírans, að hann gæti sama sem ekkert notað Svírann, ef hann fengi ekki leigð afnot af honum frá Heiðarbóndanum.

Þá kvað Þorbjörn Jón Jónsson, bónda í Ásgarði í Landbroti, sem var bróðir nefnds Guðmundar, eitt sinn hafa sagt sér, hvar markhóllinn á Svíra væri, og hafi hann þá bent á „Rofhól“. Hafi þetta verið fyrir úttektargerðina 1916 og hinn hóllinn á Svíra þá verið farinn í Skaftá. (Báðir þessir bræður eru nú látnir).

Eftir úttektargerðina 1916 var hlaðinn garður í nágrenni svonefndrar Moldarborgar, sem er um það bil miðja veginni á milli endapunkta landamerkjalinunnar. Garður þessi liggur í norður og suður. Kveðst Þorbjörn að mestu leyti hafa hlaðið hann sjálfur til varnar því, að stórgripir gengju í slægjurnar. Garður þessi er samkvæmt loftmyndinni á dskj. nr. 34 um það bil 20 metra austan við þá landamerkjalinu, sem varnaraðili vill, að ákvörðuð sé af dóminum, en um það bil 60 metra vestan við

línu þá, sem sóknaraðiljar vilja fá tekna til greina. Þorbjörn kveður garðinn hafa verið hlaðinn talsvert inn á landi Heiðar til fyllsta öryggis, enda hafi hlutverk hans einungis verið að girða fyrir ágang búfjár, en ekki að vera nein merkjalína.

Skúli Valtýsson, núverandi húsmaður, Geirlandi, Síðu, fæddur 28. september 1894, hefur komið fyrir réttinn svo og tekið þátt í vettvangsgöngu dómenda. Hann kom fyrst að Hunkubökkum fimm ára gamall og dvaldist þar til 16 ára aldurs hjá Þórdísi Guðmundsdóttur, móðursystur sinni, og manni hennar, Gissuri Elíassyni, sem hafði keypt jörðina af Jóni Pálssyni, um það leyti sem Skúli kom að Hunkubökkum. Skúli varð síðan eigandi og ábúandi Hunkubakka um 20 ára skeið, þar til fyrir um það bil 11 árum.

Varðandi landamerki jarðanna Heiðar og Hunkubakka skýrði hann svo frá, að hann hefði aldrei heyrt talað um annað en merkjalínan væri bein lína úr vörðu austast á Flanghálsi í svonefndan Gráhól á Svíra. Hafi Gráhöll verið talinn vera sá höll, sem hafi verið mest áberandi, með vörðubroti í kolli, fast við Skaftá, einn af hólunum í þyrpingunni vestan við Stapaf্লöt. Kvað hann þetta hafa verið ágreiningslaust með báðum aðiljum, meðan hann var á Hunkubökkum.

Í vettvangsgöngunni benti Skúli á þau kennileiti sem endapunkta markalínunnar, er varnaraðili hefur krafizt, að verði teknir til greina af dóminum.

Ekki var Skúla kunnugt um, að neinn höll á Svíra hefði eyðzt í Skaftá. Hann kvaðst kannast við örnefnið „Harðavöll“ sem sléttan flöt og brekkuna upp af honum við Skaftá gegnt Gráhól. Vissi hann ekki til þess, að nefndur „Harðivöllur“ hefði verið sleginn, meðan hann var ábúandi á Hunkubökkum, en sauðfé frá báðum bæjunum, Heiði og Hunkubökkum, hafi gengið þar um. Meðan Skúli var ábúandi á Hunkubökkum, kveður hann þær systurnar Elínu og Kristínu Bjarnadætur, sóknaraðilja máls þessa, hafa verið ábúendur á Heiði. Konur þessar eru dætur Bjarna Einarssonar, fyrrum bónda á Heiði.

Vilborg Guðmundsdóttir, Sandaseli, Meðallandi, fædd 12. desember 1893, hefur komið fyrir dóminn til vitnisburðar. Hins vegar gekk hún ekki á merki.

Hún hefur skýrt svo frá, að hún hafi átt heima á Ytri-Dalbæ í Kirkjubæjarhreppi á árunum 1904—1910 hjá föður sínum, Guðmundi Jónssyni, sem þar hafi búið um langt skeið. Á Svír-anum, sunnan Skaftár, liggja saman Heiðarland að vestan og

Ytri-Dalbæjarland að austan. Kveður hún mörk milli þeirra hafa verið svokallaða Gráhóla, sem séu tveir auðþekktir hólur saman á Svíra, og hafi göturnar (gamli ferðamannavegurinn) legið á milli þeirra. Hafi hæfilegt vegrúm verið á milli þeirra og annar hólanna verið við Skaftá.

Vilborg kvaðst hafa komið síðast á Svíra fyrir um það bil 30 árum og hafi þá báðir hólarnir verið þar.

Vilborg kvaðst hafa dregið það af daglegu umtali í Dalbæ, að Gráhólar þessir væru markhólar. Hafi Dalbæjarfólkið slegið austast á Svíranum vestur að Gráhólum það, sem slægt hafi verið, en aldrei farið vestur fyrir Gráhólana, þótt þar hafi eitt-hvað verið hægt að kroppa. Þegar hún hafi verið í Dalbæ, hafi búpeningur víðs vegar að haft frjálsan aðgang að Svíranum, en hins vegar hafi hann aðeins verið sleginn frá Dalbæ.

Hún kvað „Harðavöll“ hafa verið grasfláka framan í hlíðinni norðan Skaftár gegnt Gráhólum. Hafi Skaftá verið að brjóta úr honum, líkt og Svíranum að sunnanverðu, þegar hún vissi síðast til. Vilborg kvað sauðfé frá Heiði hafa gengið á „Harðavöll“ á vetrum, og enn fremur minnti hana, að hún hefði séð heyjað þar, þegar erfitt hafi verið um slægjur. Ekki vissi hún til þess, að aðrir en Heiðarbóndi hefðu nytjað „Harðavöll“.

Vilborg kvaðst hafa heyrt það, að markhóll á Svíra væri kominn í Skaftá, en mundi ekki, hver hefði sagt þetta. Hins vegar kvaðst hún aldrei hafa lagt trúnað á það, að Gráhólar, sem hún telur vera markhóla, gætu báðir verið farnir í ána. En austast á Svíranum hafi staðið einstakur hóll, sem áin kynni að hafa tekið. Aldrei kvaðst hún hafa heyrt nafn á þessum hól né heldur, að hann væri markhóll. Hún hafði aldrei heyrt örnefnið „Austurhólar“ og aldrei heyrt nafn á öðrum hólum á Svíranum en Gráhólum.

Magnús Pálsson bóndi, Ytri-Dalbæ, Landbroti, fæddur 2. desember 1910, hefur komið fyrir réttinn til skýrslugjafar. Enn fremur gekk hann á merki á Svíra ásamt dómendum. Hann hefur skýrt svo frá, að hann telji, að Gráhóll á Svíra sé hóll sá, sem nefndur er „Stórihóll“ á loftmyndinni á dskj. nr. 34. Hann kvað föður sinn, Pál Jónsson, hafa verið eiganda og ábúanda Ytri-Dalbæjar á undan sér og hafið þar búskap árið 1911. Ekki kvaðst Magnús vita til þess, að faðir sinn hefði fengið lánaðar slægjur hjá Bjarna Einarssyni á Heiði. Hins vegar hafi hann fengið hagbeitt um skeið á þeim hluta Svírans, sem tilheyrði Heiði, og taldi, að eitthvað hafi verið greitt fyrir það. Hann sagði „Harðavöll“

vera sunnan í Heiðarhálsinum norðan Skaftár, austan frá hömr-unum, vestur að rofi, þar sem áin beygir. Ekki mundi hann eftir því, að „Harðivöllur“ hefði verið sleginn, en kvaðst hafa heyrt, að það hafi verið gert fyrir sitt minni. Magnús taldi það útilokað, að nokkur hóll á Fitinni (grasi gróinn völlur austast á Svíra, sunnan Skaftár) hefði farið í Skaftá, eftir að hann hafi farið að muna eftir sér, en hann kom að Ytri-Dalbæ sem barn á fyrsta ári og hefur dvalizt þar síðan.

Valdimar Guðlaugur Runólfsson, bóndi í Hólmi, Landbroti, hefur komið fyrir réttinn. Hann er fæddur 14. maí 1899 og kveðst hafa dvalið í Ytri-Dalbæ hjá Guðmundi Jónssyni, bónda þar, frá 8 til 13 ára aldurs, að því er hann minnti. Á þessum tíma hafi Fitin svonefnda verið notuð til slæгна frá Ytri-Dalbæ. Kvaðst hann muna eftir því, að eitt sinn hafi verið fenginn maður að nafni Sigurður Auðunsson til að slá Fitina. Að slætti loknum kvaðst hann hafa heyrt Guðmund bónda í Ytri-Dalbæ og bústýru hans, Gróu Sigurðardóttur, tala um það sín á milli, að þeim hafi þótt það lakara, að sláttumaðurinn hefði ekki lokið við að slá þann hluta af Fitinni, sem Ytri-Dalbær átti. Hann kvaðst alltaf hafa heyrt það, að Heiðin ætti mestan hluta Svírans og sneið af nefndri Fit.

Dómendur hafa farið með Valdimar á merki á Svíranum. Hann kvaðst hafa heyrt getið um Gráhól á Svíra sem markhól milli jarðanna Heiðar, Hunkubakka og Ytri-Dalbæjar, en ekki vita, hvar hann væri. Hann kvaðst hins vegar telja, að það væri hóll sá, sem merktur er „Rofhóll“ á loftmyndinni á dskj. nr. 34.

Valdimar kvað „Harðavöll“ vera graslendi, sem blasti við fyrir norðan Skaftá framan í Heiðarhálsinum, gegnt og vestan við Fitina margnefndu.

Enn fremur kvaðst hann hafa heyrt getið um það, að hóll á Fitinni hefði horfið í Skaftá.

Steinþór Jóhannsson bifreiðarstjóri, Kirkjubæjarklaustri, fæddur 28. apríl 1932, hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að hann sé uppalinn á Ytri-Dalbæ og að hann kannist við tvo hóla á Svíra sunnan Skaftár undir nafninu Gráholar. Hólar þessir séu samstæðir og liggi reiðgata á milli þeirra. Nyrðri hóllinn sé utarlega á bakka Skaftár og hafi áin sorfið úr honum. Hann kvaðst alltaf hafa talið, að Ytri-Dalbær ætti land vestur að þessum hólum. Hins vegar kvaðst hann ekki minnst þess að hafa heyrt skýrt frá þessu, heldur hafi þessi skoðun myndast hjá sér, er hann var barn og sótti kýr og hesta á þessar slóðir, en Svírin

hafi þá allur verið nytjaður til beitar frá Ytri-Dalbæ átölulaust af eignum Heiðar.

Elín Bjarnadóttir, einn af eignum Heiðar, sóknaraðili máls þessa, fædd 10. febrúar 1897, hefur komið fyrir dóminn, en hún gekk á merki ásamt dómendum hinn 15. apríl 1964.

Hún hefur skýrt svo frá, að faðir hennar, Bjarni Einarsson, fyrrum bóndi á Heiði, hafi alltaf talið nyrðri punkt marklínunnar milli Heiðar og Hunkubakka vera austustu vörðuna á Flanghálsi. Sömu leiðis kvaðst hún hafa heyrt Vigfús sáluga Árnason, bónda á Heiðarseli, og Gissur Elíasson, fyrrum bónda á Hunkubökkum, telja það sama.

Elín tók það fram, að varða þessi væri austast á Flanghálsi, en ekki varða sú, er sé vestar á hálsinum og Björn Runólfsson hafi hlaðið að viðstöddum föður hennar og ákvörðuð hafi verið markvarða við úttektina árið 1916.

Hún kvað föður sinn hafa sagt sér, að við úttektargerðina árið 1916 hafi hóll sá, sem nefndur er „Rofhóll“ á loftmyndinni á dskj. nr. 34, verið ákvarðaður sem syðra mark landamerkjálínunnar milli Heiðar og Hunkubakka.

Elín kvað „Harðavöll“ vera norðan við Skaftá milli kletta í Heiðarhálsinum og að girðingin, sem Hörður Kristinsson, varnaraðili máls þessa, hafi sett upp á Heiðarhálsi, liggi yfir „Harðavöll“ vestanverðan. Hún kvað allan „Harðavöll“ hafa verið nytjaðan frá Heiði, allt þar til nefnd girðing hafi verið sett upp, enda hafi Heiðin átt allan „Harðavöll“ og Heiðarhálsinn austur að Víkingslæk. Þá kvað hún allan Svírann ásamt Flötinni (Fitinni) hafa tilheyrt Heiði og síðast verið sleginn árið 1892, en þá hafi verið hætt að nytja Svírann til slæгна vegna hraunvegarins, sem þar hafi verið lagður. Þó tók Elín það fram, að Guðmundur Jónsson, bóndi í Ytri-Dalbæ, muni eftir þann tíma hafa fengið þar land til slæгна og greitt fyrir það með timbri og hestajárnum.

Árni Sigurðsson, bóndi á Heiðarseli, Vestur-Skaftafellssýslu, fæddur 29. október 1902, hefur komið fyrir dóminn.

Hann kveðst hafa flutzt austur í Kirkjubæjarhrepp rétt upp úr 1930. Nokkru eftir það hafi hann verið ásamt nokkrum mönnum öðrum að vegargerð og viðhaldi austur þar undir verkstjórn Björns Runólfssonar, þá hreppstjóra, bónda í Holti. Dag einn hafi þeir verið að taka rauðamöl úr austasta hólnum á Svíra, er Björn Runólfsson hafi komið þar að og mælti til mannanna á

þessa leið: „Hvað haldið þið, piltar, að hann Páll í Dalbæ segi, ef þið eyðileggið fyrir honum markhólinn hans“.

Af þessum sökum kveður Árni þá hafa hætt að taka möl úr hól þessum og flutt sig á þann stað, sem tveir samstæðir hólar eru á syðri bakka Skaftár með reiðgötu í milli, og endað á því að taka möl úr nyrðri hólnum.

Dómendur fóru með Árna á vettvang á Svíra, og benti hann á „Rofhól“ (sbr. loftmyndin), sem þann hól, er þeir hafi verið að taka möl úr, er Björn Runólfsson kom að og bannaði það, og síðan benti hann á „Stórahól“ sem þann hól, er þeir hafi endað að taka mölina úr.

Ekki kvaðst Árni vita, hvar Gráhóll á Svíra væri, enda hafi hann ekki frétt um það örnefni, fyrr en hann hafi lesið um það örnefni í landamerkjalyðingu á milli jarðanna. Hins vegar kvaðst hann telja „Rofhól“ markhól milli jarðanna, og byggði hann það álit sitt á fyrrnefndum ummælum Björns Runólfssonar.

Árni kannnaðist við „Harðavöll“ og staðsetti hann á sama stað og aðrir skýrslugjafar hafa gert hér að framan.

Hann kvaðst hafa heyrt, að Hóll á Svíranum hefði farið í Skaftá, en það hafi gerzt áður en hann fluttist austur í Kirkjubæjarhrepp. Aldrei kveðst hann hafa heyrt annað en Heiðin ætti allan Svírann að undanskilinni Flötinni (Fitinni). Kvaðst hann hafa heyrt þetta hjá Páli í Dalbæ, Einari og Runólfi í Hólmi.

Í tilefni þessa vitnisburðar Árna Sigurðssonar kom Björn Runólfsson aftur fyrir réttinn. Skýrði hann svo frá, að einhverju sinni, er þeir hafi verið að malartöku skammt frá landamerkj-unum, hafi sér komið í hug, að óþarft væri að gera jarðrask í landamerkjahólnum og í næsta nágrenni við hann þarna á árbakkanum, þar sem nóg efni hafi verið til annars staðar. Hafi því verið horfið frá malartöku þar. Ekki kvaðst hann reka minni til að hafa viðhaft þau orð, er Árni Sigurðsson hefur eignað honum í því sambandi. En þó muni hann hafa farið einhverjum alvörulausum glensorðum um Pál í Dalbæ, enda hafi hann átt það til að varpa fram glettnis- og gamanyrðum. Hins vegar hélt Björn fast við þann framburð sinn hér að framan um það, að við úttektargerðina 1916 hafi þeir úttektarmennirnir tekið „Stórahól“ (sbr. loftmyndina) sem markhól á Svíranum, enda hafi sér aldrei til hugar komið, að landamerkjahóllinn væri annar en sá hól.

Fyrir réttinn hafa komið systurnar Valgerður og Sigurlaug Helgadætur. Þær eru báðar búsettar í Reykjavík. Valgerður er fædd 15. júlí 1896, en Sigurlaug 4. apríl 1902. Þær hafa borið, að móðir þeirra, Halla Einarsdóttir, sem fædd var á Heiði 1871 og ólst þar upp, hafi sagt þeim, að markið milli jarðanna Heiðar, Heiðarsels og Hunkubakka hafi alltaf verið talið í Gráhól á Svíra sunnan Skaftár. Hafi hóll þessi verið um miðja leiruna á sléttunni vestan við eldhraunið, sem liggur að Dalbæjarstapa. Stakur hóll hafi verið í markalínunni á syðri bakka Skaftár, en hann hafi horfið í ána nokkru eftir aldamótin.

Viðvíkjandi markalínu þeirri, er úttektarmennirnir hafa tekið 1916, kveða þær móður sína hafa sagt þeim, að úttektarmennirnir hefðu tekið línuna í annan af þeim hólum, sem nefndir hafi verið Austustu-hólar, en það hafi hún sagt, að væri fjarstæða, þar sem þeir hólar hafi aldrei heitið annað en Austustu-hólar, og hafi móðir þeirra aldrei heyrt talað um neinn Gráhól í sambandi við þá.

Þær systur kveða móður sína hafa verið á Heiði 1871, þegar Ólafur Pálsson, umboðsmaður þjóðjarða, hafi gert áreið á landamerkin kringum 1890.

Halldór Vigfússon, fæddur að Fagurhlíð í Kirkjubæjarhreppi 30. janúar 1895, hefur komið fyrir réttinn. Hann hefur skýrt svo frá, að hann hafi dvalizt að Fagurhlíð til 1912, er hann fluttist að Arnardranga í sama hreppi, þar sem hann var búsettur til ársins 1927.

Hann mundi eftir stakstæðum hól, er stóð á Fitinni á syðri bakka Skaftár, en með Fitinni átti hann við sléttu flötina austast á Svíra. Hafi hóll þessi eyðzt í Skaftá nokkru eftir aldamótin síðustu. Ekki vissi hann nafn á hól þessum, hins vegar hafi hann heyrt getið um nafnið Gráhól, en minntist þess ekki, að sér hefði verið sagt, hvar hann væri. Nafnið Austur-hólar þekki hann heldur ekki frá veru sinni í Skaftafellssýslu, en gat staðsett Harðavöll á sama stað og aðrir hér að framan og vissi ekki annað en hann hefði verið nytjaður af Heiðarbónda. Hann kvaðst aldrei hafa heyrt annað en Heiðin ætti Heiðarhálsinn. Aftur á móti þekkti hann ekki landamerkin milli Heiðar og Hunkubakka né örnefnin á línunni.

Í málinu hafa verið lögð fram tvö vottorð, annað dagsett 10. september 1961, undirritað af Einari Þorsteinssyni, en hitt dags. 17. október 1961, undirritað af Páli Jónssyni, þar sem sagt er

frá því, að einstakur hóll á Svíra hafi farið í Skaftá eftir síðustu aldamót. Vottorðsgjafir þessir hafa ekki komið fyrir réttinn.

Sígfús Vigfússon, fæddur 22. maí 1894, hefur komið fyrir réttinn til vitnisburðar. Hann er fæddur að Heiðarseli á Síðu, þar sem hann dvaldist til 19 ára aldurs, er hann fluttist að Hunkubökkum, þar sem hann dvaldist í allt u. þ. b. 4 ár sem vinnumaður hjá Elíasi Bjarnasyni og eitthvað inn á milli sem vinnumaður hjá Birni Runólfssyni, bónda í Holti. Hann kvaðst vera kunnugur á Flanghálsi, þar sem hann hafi farið um hann næstum daglega, meðan hann hafi átt heima á Heiðarseli. Kveður hann markvörðuna, sem eins hafi mátt kalla þúfu, hafa verið uppgróna litla þúfu eða vörðu efst á há-hálsinum (Flanghálsi) austur undir Lambaskarði. Ekki kvaðst hann minnst þess, að tvær vörður hefðu verið á Flanghálsi. Hins vegar kvaðst honum hafa skilzt á Þorbirni Bjarnasyni, sóknaraðilja máls þessa, að markvarðan væri neðar og austar á Flanghálsinum, en þeir hafi þó aldrei farið saman á þennan stað. Sígfús kvaðst hafa það fyrir sér um markvörðu þessa, sem heimafolk hans hafi talað.

Sígfús vissi ekki, hvar Gráhóll á Svíra er, og ekki þekkti hann nafnið Austur-hólar á Svíra. Hann mundi eftir úttektargerðinni árið 1916, en hafði ekki verið viðstaddur hana. Ekki hafði hann heyrt, að ágreiningur hefði orðið um það við úttektargerð þessa, hvaða hóll væri Gráhóll á Svíra. Hann þekkti nafnið „Harðavöll“ og staðsetti hann á sama stað og önnur vitni hér að framan. Hafði hann alltaf heyrt, að Heiðin ætti Harðavöll og hefði hann aðallega verið notaður til beitar af Heiðarbóndanum, en vissi ekki til þess, að hann hefði verið leigður út eða sleginn af Heiðarbóndanum.

Í málinu hafa verið lögð fram 9 vottorð úr jarðaskjölum Skaftafellssýslu, öll útgefin í janúar árið 1888 utan eitt í febrúar það ár. Eru þau flest gefin út samkvæmt beiðni Einars Bjarnasonar, þáverandi bónda á Heiði, og staðhæfa öll nema eitt, að Harðivöllur og Heiðarháls hafi verið nytjaðir frá Heiði.

Hafa nú verið rakin helztu atvik málsins eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, og verður nú vikið að því að lýsa stuttlega staðháttum á vettvangi.

Svo sem fyrr er að vikið, hafa dómendur farið á vettvang í fylgd aðilja málsins, þeirra Elínar Bjarnadóttur, Þorbjarnar G. Bjarnasonar og Harðar Kristinssonar, svo nokkurra vitna, sem kunnug eru staðháttum. Var fyrst gengið á Svírann, sem

er graslendisfláki sunnan Skaftár og markast af Dalbæjarstapa að austan og eldhrauninu frá 1783 að sunnan og vestan. Austast á Svíranum er Fitin eða Flötin, sem er sléttasti hluti Svírans, en vestar er hann þakinn hraunhólum á víð og dreif, og eru nokkrir þeirra fast við Skaftá. Einn þeirra hafa sóknaraðiljar gert kröfu til, að verði viðurkenndur af dóminum sem markhóll. Hann er austar á Svíranum og fjær ánni (á loftmyndinni kallaður „Rofhóll“) heldur en hóll sá, sem varnaraðili vill fá viðurkenndan sem markhól, en hann er vestar og stendur við árbakkann, en fyrir sunnan hann er annar hóll og gamlar ferðamannagötur á milli þeirra. (Þessi hóll er merktur „Stórihóll“ á loftmyndinni).

Norðan Skaftár gegnt Svíranum er Harðivöllur. Er það hallandi grasfláki á nyrðri bakka Skaftár utan í Heiðarhálsi. Norður og upp af Harðavelli tekur við Heiðarhálsinn. Á því svæði hefur varnaraðili ræktað tún og sett upp girðingu vestan til á hálsinum (það var árið 1961). Girðing þessi stefnir á „Stórahól“ á Svíra, sbr. loftmyndina. Sóknaraðiljar telja, að varnaraðili sé með girðingu þessari og túninu kominn talsvert inn á land Heiðar, enda lendir verulegur hluti af Harðavelli og Heiðarhálsi austan þessarar girðingar. Er komið er upp á Heiðarhálsinn, lækkar hann til norðurs. Þar sem hann endar, tekur við mýri, sem hækkar til norðurs. Lengra í sömu átt er Moldarborg, austan lína þeirra, er dregnar hafa verið inn á loftmyndina, en vestan þeirra og eilítið norðar Heiðarborg. Enn norðar er Melrakkahraun, síðan taka við Fögrudalir og að endingu Flangháls, sem liggur í vestur og austur. Flangháls er hæstur að austan, og þar eru tvær vörður á honum. Önnur þeirra er á há-hálsinum, fremur lítil varða úr grjóti, uppgróin, eins konar dyngja. Hún er auðkennd á loftmyndinni sem „efra merki“, og hefur varnaraðili gert kröfu til, að hún verði viðurkennd markvarða (þúfa á Flanghálsi). Varða sú, sem sóknaraðiljar hafa krafizt, að verði viðurkennd sem markvarða á Flanghálsi, er á loftmyndinni auðkennd sem „neðra merki“. Varða þessi, sem er lítil, mjó, grasigróin karta, er aðeins neðar, norðar og austar á hálsinum, og stendur á klettabrún hans, þannig að snarbratt er niður frá henni til austurs.

Sóknaraðiljar rökstyðja kröfur sínar með því, að þegar um gömul örnefni sé að ræða, vilji oft fara svo, að nokkuð fyrnist yfir staðsetningu þeirra með nýjum kynslóðum og svo hafi farið í þessu máli, að aðiljana greini algerlega á um, hvar framangreind mörk séu.

Eina örugga leiðin til þess að komast að rétttri niðurstöðu um markalínuna sé sú annars vegar að athuga gaumgæfilega önnur vegsummerki og kennileiti, er gerð kunna að hafa verið til þess að merkja og aðgreina jarðirnar, og hins vegar að fá sem gleggstar upplýsingar um nýtingu þrætulandsins og skilgreiningu nágranna og annarra, sem til þekkja, um hverjum þeir álíti, að landið tilheyri.

Gefi þetta auga leið, þar eð í upphafi hafi enginn ágreiningur verið um staðsetningu markstaðanna og hafi eigendur jarðanna þá að sjálfsgöðu miðað nýtingu þeirra við landamerkjalínuna. Jafnframt hafi mótast í hugum nágranna og annarra, sem gerla hafa þekkt staðsetningu markstaðanna, þekking á því, hver ætti hvaða landsvæði.

Í þessu sambandi benda sóknaraðiljar á það, að það sé fram komið í málinu, að Harðivöllur og Heiðarháls hafi jafnan verið nytjaðir frá Heiði, en ekki Hunkubökkum. Verði landamerkja-kröfur varnaraðilja teknar til greina, þá lendi þessar landspildur að mestu leyti til Hunkubakka.

Þá benda sóknaraðiljar enn fremur á það, að óánægja sú, sem birtist í bréfum Jóns Pálssonar, ábúanda á Hunkubökkum, til amtmannsins í Suðuramtinu árið 1893 út af hinni beinu landamerkjalínu, er Ólafur Pálsson, umboðsmaður þjóðjarða, ákvarðaði milli jarðanna, sýni, að veruleg landspilda hafi gengið undan Hunkubökkum til Heiðar, enda hafi úttektarmenn talið, að hér hafi verið um helming af aðalútslægjum jarðarinnar að ræða, hér um bil 70—100 hesta ár hvert.

Varðandi úttektargerðina frá 1916 taka sóknaraðiljar fram, að Bjarni Einarsson, páverandi bóndi á Heiði, hafi þá bent á „Rofhól“ sem Gráhól á Svíra, sbr. framburði Þorbjarnar G. Bjarnasonar hér að framan svo og framburð Árna Sigurðssonar í Heiðarseli, sem styðji framburð Þorbjarnar.

Framburð Vilborgar Guðmundsdóttur í Sandaseli hafa sóknaraðiljar gagnrýnt, þar sem hún tali um Gráhóla á Svíra í fleirtölu, en í landamerkjabréfum sé hann ávallt í eintölu.

Þessi atriði, sem nú hefur verið getið, svo og næstum hvert einasta gagn, er lagt hafi verið fram í máli þessu, telja sóknaraðiljar skýlaust benda til þess, að landamerkjalínan milli jarðanna Heiðar og Hunkubakka eigi að vera sú, sem sóknaraðiljar telja og kröfugerð þeirra er miðuð við.

Varnaraðili styður kröfur sínar þeim rökum, að hann telur, að úrslit máls þessa hljóti að byggjast á úttektargerðinni frá

1916. Hún sé undirrituð og samþykkt af Bjarna Einarssyni, fyrrverandi bónda á Heiði, og Björn Runólfsson, sá úttektarmanna, sem enn sé á lífi, hafi gengið á vettvang og staðfest, að suðurmark það, sem varnaraðili telur hið rétta, sé hið sama og þeir úttektarmennirnir ákvörðuðu árið 1916 eftir ábendingu Bjarna Einarssonar. Og hið sama gildi um norðurmarkið. Varnaraðili telur engan vafa geta leikið á því, að norðurmark það, sem hann telur hið rétta, sé landamark milli jarðar hans og jarðar sóknaraðilja. Við athugun á því sjáist, að það sé greinilega gert af manna höndum og það mikið sé í því af hlöðnu grjóti, að það liggi í augum uppi, að gerð þess hafi verið í þeim tilgangi að miða við það landamörk, enda sé eigi um aðra skynsamlega ástæðu að ræða til gerðar þess.

Þá telur varnaraðili, að vætti vitna, sem fyrir dóminn hafa komið og haft hafa þekkingu á landamerkjum jarðanna Heiðar og Hunkubakka, hnígi öll að því, að varnaraðili hafi rétt fyrir sér um landamerki jarðanna.

Að endingu hefur varnaraðili haldið því fram, að nýting Harðavallar og Heiðarháls sé alls ekki einhlít sönnun um beinan eignarrétt að þessum landspildum og því heldur ekki um það, hvar markhólarnir séu.

Álit dómsins.

Dómurinn lítur svo á, að óyggjandi sönnur séu ekki fram komnar í málinu um það, hverjir séu hinir réttu endapunktur landamerkjalinunnar milli jarðanna Heiðar og Hunkubakka. Verður því málið að fara að líkum samkvæmt mati á þeim sönnunargögnum, er fyrir liggja. Það, sem einkum styður málstað sóknaraðilja, er það, sem fram er komið í málinu um nytjar Harðavallar og Heiðarháls, slægjumissirinn, sem Hunkubakkabóndi kvartar um í framangreindum bréfum til amtmannsins yfir Suðuramtinu, svo og framburður þeirra Árna Sigurðssonar og Þorbjarnar G. Bjarnasonar.

En það, sem aðallega rennir stoðum undir málstað varnaraðilja, eru framburðir Björns Runólfssonar, Sigfúsar Vigfússonar, Skúla Valtýssonar og Vilborgar Guðmundsdóttur, sem öll eru kunnug staðháttum á þessum slóðum frá bernsku og hafa ekki hagsmuna að gæta. Björn Runólfsson hefur borið, að þeir úttektarmennirnir hafi tekið út merkin samkvæmt ábendingu Bjarna bónda Einarssonar á Heiði. Þorbjörn G. Bjarnason hefur borið, að faðir sinn hafi bent á „Rofhól“ á Svíra sem markhól, en úttektarmennirnir hafi allt að einu ákveðið „Stórahól“ sem

markhól. Telja verður, að þetta hafi líkurnar gegn sér, úr því að Bjarni Einarsson skrifaði undir úttektargerðina. Þá er og á það að líta, að Þorbjörn G. Bjarnason hefur hagsmuna að gæta í máli þessu, og hlýtur það því samkvæmt almennum reglum um mat á sönnunum að veikja framburð hans, er hann vitnar sjálfum sér í hag. Þegar þetta er virt svo og einkum framburðir þeirra Skúla Valtýssonar og Vilborgar Guðmundsdóttur, þykir verða að telja, að Gráhöll á Svíra sé höll sá, er varnaraðili hefur gert kröfu til, að verði viðurkenndur sem markhóll, þ. e. „Stórihöll“ á margnefndri loftmynd. Garður sá, sem Þorbjörn G. Bjarnason hlóð á þrætulandinu eftir úttektargerðina 1916, þykir fremur styðja þessa niðurstöðu heldur en hitt.

Að því er norðurmarkið varðar, þá styður framburður Björns Runólfssonar og Sigfúsar Vigfússonar það, að þúfa á Flanghálsi sé sú, sem varnaraðili hefur gert kröfu til, að verði viðurkennd sem markvarða, þ. e. „efra merki“ á loftmyndinni. Sömuleiðis gerð vörðu þessarar og staðsetning þarna austast á há-hálsinum gera hana líklegri heldur en vörðu þá, sem sóknaraðiljar hafa viljað fá viðurkennda. Verður krafa varnaraðilja um norðurmark því einnig tekin til greina.

Með skírskotun til 178. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 14. gr. laga nr. 41/1919, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Varnaraðili hefur gjafvörn í máli þessu. Hann hefur lagt fram reikning yfir útlagðan kostnað að fjárhæð kr. 29.338.27.

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns varnaraðilja, Sigurðar Sigurðssonar hæstaréttarlögmans, ákveðast kr. 30.000.00. Málskostnaður til handa varnaraðilja verður því samtals kr. 59.338.27 og greiðist úr ríkissjóði.

Dóm þennan kváðu upp Einar Oddsson, sýslumaður í Skaftafellssýslu, sem dómstjóri og Þeir Björn Fr. Björnsson sýslumaður og Magnús Thoroddsen lögfræðingur sem meðdómendur. Dómsuppsaga hefur dregið nokkuð. Stafar sá dráttur af miklum önn-um dómenda svo og óvænttrar utanfarar Björns Fr. Björnssonar í þágu Alþingis.

Dómsorð:

Kröfur varnaraðilja, Harðar Kristinssonar, um landamerki jarðanna Heiðar og Hunkubakka á Síðu í Skaftafellssýslu eru tekin til greina. Gráhöll á Svíra telst vera sá höll, sem merktur er „Stórihöll“ á loftmyndinni á dskj. nr. 34. Þúfa á Flanghálsi sú varða, sem auðkennd er „eframerki“ á loft-

myndinni, Málskostnaður varnaraðilja, kr. 59.338.27, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni varnaraðilja, Sigurði Sigurðssyni, kr. 30.000.00 í málflutningslaun.

Föstudaginn 27. september 1968.

Nr. 116/1968. **Þorvaldur Þórarinnsson f. h. Haralds Skúlasonar**
 gegn
Theódóru Bjarnadóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frestur.

Dómsorð:

Freymóður Þorsteinsson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. júní 1968, er barst dóminum 25. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að synjað verði um frekari frest til uppboðs á fasteign varnaraðilja. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann og dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Þorvaldur Þórarinnsson f. h. Haralds Skúla-